



Gjörðabók bæjarlaganefndar 1922-1932

Aðfnr. 4861 A

Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.

Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

SKJALASAFN

REYKJAVÍKURBÆJAR

Gjörðabók

bæjarlaganefndar

1 9 2 2 - 1 9 3 2

.077.5:025.26 - .073.6.
.075.15

Aðfnr. 4861 *A*



1. Fundar:

Ár 1922 (fundaðir 24. febrúar, kl. 5 e.h., kom saman á skrifstofu borgarstjóra rafni að, sem kosin var á síðasta bæj-
aratjórnarfund. Þriðjúnin 23. s.m., til þess að setja fram-
varp um atjórn bæjar- og borgarstjórnar og um teygjur bæjarstjórnar.

AFRIT

AF

G J Ö R Ð A B Ó K

BÆJARLAGANEFNDAR

24. febrúar 1922 til 10. júní 1932.

1. fundur:

Ár 1922 föstudaginn 24. febrúar, kl. 5 e.h., kom saman á skrifstofu borgarstjóra nefnd sú, sem kosin var á síðasta bæjarstjórnarfundum, þriðjudaginn 23. s.m., til þess að semja frumvörp um stjórn bæjarmála Reykjavíkur og um tekjur bæjarsjóðs.

Á fundinum voru mættir nefndarmennirnir:

Borgarstjóri

Jón Ólafsson, bæjarfulltrúi

Pétur Magnússon -

Héðinn Valdimarsson.

Fimmti ~~bæjarfulltrúi~~ nefndarmaður, Þórður Sveinsson, bæjarfulltrúi, var fjarverandi.

Formaður nefndarinnar var kosinn borgarstjóri, en skrifari Héðinn Valdimarsson.

Nefndin gaf sér nafnið bæjarlaganefnd.

Til nefndarinnar hafði verið vísað á fyrrnefndum bæjarstjórnarfundum:

1. frumvarpi til laga um bæjargjald.

2. - - - - kosningu í bæjarmálefnum.

3. Tillögu Jóns Baldvinssonar um breytingu á fundarsköpum bæjarstjórnar.

Borgarstjóra var dalið að leita álits stjórnarráðsins um hvort löglegt væri að breyta fundarsköpum bæjarstjórnar þannig, að hægt væri að kjósa í nefndir með hlutfallskosningu.

Rætt var um bæjargjaldafrumvarpið.

Borgarstjóra var falið að leggja fyrir nefndina þau gögn um bæjarmálaggjöfina, sem til væri.

Fundi slitið kl. 7½ síðdegis.

K. Zimsen. Pétur Magnússon. Héðinn Valdimarsson. Jón Ólafsson.

2. fundur.

Ár 1922, föstudaginn 29. desember kl. 5 e.h. var haldinn fundur í bæjarlaganefndinni.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóra var falið að leita samninga við ríkisstjórnina um samvinnu milli, skattstjóra og niðurrjöfnunarnefndar á komanda ári, á þeim grundvelli, að niðurrjöfnunarnefnd skipi 3-5 menn kosnir af bæjarstjórn, en hafi aðgang að skjölum og skýrslum skattstjóra.

2. Borgarstjóra falið að skrifa hrppsnefndum Mosfells- hrepps og Seltjarnarneshrepps og krefjast umsagna þeirra nú þegar um frumvarp til laga um að leggja jarðirnar Ártún, Árbæ, Breiðholt, Bústaði og Eiði undir Reykjavíkurbæ.

3. Rætt um frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík og kom nefndin sér saman um að semja það frumvarp sérstaklega.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Sveinsson. Héðinn Valdimarsson. Pétur Magnússon. Jón Ólafsson.

3. fundur.

Ár 1923, þriðjudaginn 9. janúar kl. 5 $\frac{1}{2}$ e.h. var haldinn fundur í bæjarlaganefndinni.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri skýrði frá að hann hefði talað við fjármálaráðherra og skattstjóra um væntanlega samvinnu við álagningu og niðurjöfnun. Borgarstjóra og Pétri Magnússyni falið að gera uppkast að tilskipun um breytingu á niðurjöfnunarfyrrirkomulaginu.

2. Rætt um frumvarp til laga um bæjargjöld í Reykjavík og umræðum lokið um fasteignagjaldið.

Jón Ólafsson og Pétur Magnússon bæjarfulltr. mættu ekki á fundi.

Fundi slitið kl. ~~7 3/4~~ 7 3/4.

K. Zimsen.

Þórður Sveinsson.

Héðinn Valdimarsson.

4. fundur.

Ár 1923, laugardaginn 13. janúar kl. 10 f.h. var haldinn fundur í bæjarlaganefndinni.

Þetta gerðist:

1. Undirnefndin lagði fram uppkast að tillögum um við-
auka við tilskipun 30. nóv. 1921 um ákvörðun tekjuskatts og eigna-
skatts í Reykjavík. Samþykkt.
2. Tekið fyrir frumvarp til laga um bæjargjöld og umræð-
um lokið.

Á fundinn vantaði Jón Ólafsson bæjarfulltrúa.

Fundi slitið kl. 12 3/4 e.h.

K. Zimsen. Þórður Sveinsson. Héðinn Valdimarsson.

5. fundur.

Ár 1923, miðvikudaginn 17. janúar kl. 10 f.h. var haldinn fundur í bæjarlaganefnd.

Þetta gerðist:

1. Frumvarp til laga um bæjargjöld samþykkt og afgreidd til bæjarstjórnar.

2. Frumvarp að tilskipun um viðauka við tilskipun 30. nóv. 1921, um ákvörðun tekjuskatts og eignarskatts í Reykjavík afgreitt til bæjarstjórnar.

3. Lokið umræðum um frumvarp til kosningalaga fyrir Reykjavík. Héðinn Valdimarsson kom fram með breytingartillögur. Afgreiddist til bæjarstjórnar.

Á fundinn vantaði Jón Ólafsson og Þórð Sveinsson.

Fundi slitið kl. 12 $\frac{1}{2}$ s.d.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson. Pétur Magnússon.

6. fundur.

Ár 1923, miðvikudaginn 31. janúar kl. 10 f.h. var haldinn fundur í bæjarlaganefnd.

Þetta gerðist:

1. Ræddar breytingartillögur Péturs Halldórssonar við bæjargjaldafrumvarpið og féllzt nefndin á breytingartillöguna við 4. gr. að í stað "1. janúar" komi: 2. janúar.
Hibum breytingartillögum Péturs Halldórssonar er nefndin andvíg.

2. Nefndin samþykkti svofelldar breytingartillögur við frumvarpið:

Við 5. gr.: Á eftir "hvíllir" komi: sem lögveð. Og á eftir orðinu: "öllum" komi: öðrum.

Við 3. gr. Þriðja málsgrein orðist þannig:
"Lóðir annara víki að svo miklu leyti, sem þær fylgja húsum, sem notuð eru af sendimönnum þeirra í milliríkjaerindum, og kirkjugarðar.

Við 7. gr., 5. málsgrein:
Á eftir orðunum: "halda eftir" komi: allt að 10% o.s.
frv.-

Við 8. gr.
Á eftir orðunum: "fyrir starf sitt" komi: eftir nánari ákvörðun bæjarstjórnar,- en orðin frá: "formaður bæjarins" falli burtu.

3. Jón Ólafsson bæjarfulltrúi kemur með sérstakar breytingartillögur:

Við 2. gr. a.

Í stað "0.8%" komi: 2%.

Við 2. gr. b.

Í stað: "2½" komi: $\frac{1}{2}$ ½%.

4. Rædd breytingartillaga Jóns Baldvínssonar við kosningalagafrumvarpið og var meiri hluti nefndarinnar henni andvígur.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Sveinason. H. Valdimarsson. Pétur Magnússon.
Jón Ólafsson.

7. fundur.

Ár 1923, þriðjudaginn 27. febrúar kl. 10 f.h. var haldinn fundur í bæjarlaganefndinni.

Þetta gerðist:

1. Borgarstjóri lagði fram bréf, er hann hafði sent hreppsnefndum Seltjarnarness- og Mosfellshrepps og svarbréf frá oddvitunum viðvíkjandi innlimun jarðanna Árbæ, Ártúns, Breiðholts, Bústaða og Eiðis í Reykjavíkurborg. Höfðu hreppsnefndirnar mótmælt innlimuninni og vildu enga samninga gera um þetta mál.

Frumvarpið frá fyrra ári, til laga um ~~mál~~ að leggja jarðirnar Árbæ og Ártún í Mosfellshreppi og Breiðholt, Bústaði og Eiði í Seltjarnarneshreppi undir lögsagnarumdæmi og bæjarfélag Reykjavíkur, samþykkt með tveim breytingum og afgreitt til bæjarstjórnar.

2. Lagðar fram tillögur um breytingu á lögum um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur frá 2. nóv. 1914. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin feli henni að ganga frá frumvarpinu og koma því til Alþingis.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Sveinsson. Héðinn Valdimarsson. Pétur Magnússon.

8. fundur.

Ár 1923, föstudaginn 9. marz kl. 5 e.h. var haldinn fundur í bæjarlaganefnd.

Þetta gerðist:

Borgarstjóri lagði fram uppkast að frumvarpi til laga um breytingu á lögum nr. 35, 2. nóv. 1914, um mælingu og skrásetningu lóða og landa í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, ásamt greinargerð. Samþykkt og borgarstjóra falið að koma frumvarpinu á framfæri við alþingi.

Jón Ólafsson vantaði á fundinn en Pétur Magnússon boðaði forföll.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson. Þórður Sveinsson.

9. Fundur.

Ár 1923, laugardaginn 24. marz, kl. 10 f.m., var haldinn fundur í bæjarlaganefnd.

Þetta gerðist:

Borgarstjóri skýrði frá viðtali við allsherjarnefnd neðri deildar alþingis viðvíkjandi innlimun jarðanna Eiðis, Bústaða og Breiðholts, Árbæjar og Ártúns í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur, og lagði fram tilboð frá Seltjarnarneshreppi, sem vildi ganga að þessu fyrir sitt leyti - fyrir 12000 krónur endurgjald, og frá Mosfellshreppi, sem krafðist 55000 króna endurgjalds fyrir það eitt, að Elliðaárnar ásamt lóðabletti kringum rafstöðina yrðu lagðar undir Reykjavík, en mótmæltu frekari innlimun.

Samþykkt var að ganga að tilboði Seltjarnarneshrepps, gegn greðzlu í skuldabréfi frá bæjarsjóði.

Boði Mosfellshrepps hafnað, en samþykkt að gera gagntilboð um allt að 20000 kr. endurgjald fyrir það að Elliðaárnar og land kringum rafstöðina verði lagt undir Reykjavík þegar í stað, en jarðirnar Ártún og Árbær að öðru leyti þegar ábyrgðaskipti verða á jörðunum.

Borgarstjóra falið að semja nánar um málið.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson. Þórður Sveinsson. Pétur Magnússon. Jón Ólafsson.

10. fundur.

Ár 1923, miðvikudaginn 28. marz kl. 6 e.h. var haldinn fundur í bæjarlaganefnd, og mættu á fundinum 5 hreppsnefndarmenn Mosfellshrepps, auk allra bæjarlaganefndarmanna.

Var rætt um tilboð Mosfellshrepps og gagntilboð Reykjavíkurkaupstaðar viðvíkjandi innlimun Árbæjar og Ártúns í lögsagnarumdæmi Reykjavíkur. Hreppsnefndin hélt sér við sitt fyrra tilboð að öðru leyti en því, að endurgjald bæjarins yrði 37 þús. krónur í stað 55000 kr., og græiddi bæjarsjóður þetta með 4% skuldabréfi, er afborgaðist með 1000 kr. árlega. Með Elliðaánum skyldi fylgja nauðsynlegt land til byggingar þeirra mannvirkja sem þurfa þykir framvegis til hagnýtingar vatnsorkunnar að fullu og vegna laxveiðinnar og starfrækslu hennar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson. Þórður S veinsson. Pétur Magnússon. Jón Ólafsson. Þ. Magnús Þorláksson. Halldór Jónsson. Bogi A. J. Þórðarson. Helgi Finnbogason. Þorbjörn ~~Tómasson~~ Finnsson.

11. fundur.

Ár 1924, þriðjudaginn 19. febrúar kl. 10 f.h. var haldinn fundur í bæjarlaganefnd.

1. Borgarstjóri lagði fram frumvarp til samninga um landamerki milli Mosfellshrepps og lögsagnarumdæmis Reykjavíkur, og uppkast að skuldabréfi fyrir 37000 krónum, sem nefndin fellst á fyrir sitt leyti.

2. Lagt var fram frumvarp til laga um brunatryggingar í Reykjavík frá brunamálanefnd, sem bæjarlaganefnd fellst á með einni breytingu.

3. Rætt um bæjargjaldafrumvarpið. Upplýst að ríkisstjórnin vildi flytja frumvarp bæjarlaganefndar, en þó á þann hátt að þau yrðu send fyrst konungi til staðfestingar. Nefndin lítur svo á að í samþykkt bæjarstjórnar á síðasta fundi felist heimild til að koma málinu á framfæri við alþingi. Til þess að málið dragist ekki lengi enn, fól hún borgarstjóra, að fá þingmenn til þess að flytja frumvarpið á Alþingi, með eftirfarandi breytingu:

Við 2. gr. b í staðinn fyrir 2% o.s.frv. af virðingarverði komi: "allt að 2% - tveim krónum af hverjum hundrað krónum - af virðingarverði. Upphæð skattsins innan þessara takmarka ákveður bæjarstjórn til allt að 5 ára í senn".

Við 7. gr. 4. lið: í staðinn fyrir: "og atvinnan sé stunduð skemur en 4 vikur" komi: -enda sé atvinnan stunduð ekki skemur en 4 vikur.

4. Kosningalagafrumvarpið var afgreitt óbreytt.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson. Þórður Sveinsson. Pétur Magnússon.

Með fyrirvara um atriði bæjargjaldafrumvarpsins
Jón Ólafsson.

12. fundur.

Ár 1924, föstudaginn 14. marz kl. 10 f.m. var haldinn fundur í bæjarlaganefnd.

Þórður Sveinsson boðaði forföll vegna veikinda.

1. Rætt var um frumvarp til laga um byggðarleyfi, sem liggur nú fyrir Alþingi. Meiri hluti nefndarinnar er í höfuðatriðum samþykkur frumvarpinu, en vill fela borgarstjóra að reyna að koma til vegar þeim breytingum, að sveitar- og bæjarstjórnnum verði heimilað að flytja á hrepp sinn þá, sem ólöglega taka sér bólfestu í sveit eða bæ, og ekki víkja burtu þrátt fyrir aðvörun hlutaðeigandi lögreglustjóra, og að menn vinni ekki framfærslusveit með ólöglegri dvöl.

2. Rætt var um frumvarp til laga um takmörkun hundahalds og felur meiri hluti nefndarinnar borgarstjóra, að fá komið í lög, að bæjum sé heimillt að leggja allt að 200 kr. skattá hvern óþarfa hund.

3. Lagt fram erindi frá bakarafélagi Reykjavíkur um lokunartíma bakarabúða. Nefndin álitur bæjarstjórnina ekki hafa lagaheimild til að ákveða lokunartíma skíkra fyrirtækja.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson. Jón Ólafsson. Pétur Magnússon.

13. fundur.

Ár 1924, laugardaginn 14. júní, var fundur haldinn í bæjarstjórninni/laganefndinni.

1. Lagt fram frumvarp um breytingu á byggingarsamþykkt fyrir Reykjavík 7. september 1903, er kom frá byggingarnefnd og legið hefir fyrir bæjarstjórn. Leggur nefndin til, að burtu falli orðin í 6. lið: "eða hafi verið löglega búsettir í Reykjavík að minnsta kosti í eitt ár næst áður en viðurkenning er veitt."

2. Lagt fram frumvarp til reglugerðar um störf lóðarskráritarans í Reykjavík og leggur nefndin til að það sé samþykkt.

3. Lagt fram til umsagnar tillaga frá fátækranefnd, um endurskoðun fátækralaganna á þeim grundvelli að landið sé allt eitt framfærsluhérað o.fl. og greiðist kostnaður við samningu frumvarpsins af ýmsum gjöldum. fátækra sjóðs.

Nefndin leggur til að bæjarstjórn feli borgarstjóra að fara fram á við landstjórnina, að hún láti endurskoða fátækralöggjöfina.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson, með fyrirvara um 1. lið.
Þórður Sveinsson. Pétur Magnússon.

14. fundur.

Ár 1924, ^{östu} fimmtudaginn 15. ágúst, var fundur haldinn í bæjarlaganefnd.

I. Frumvarp um breytingu á heilbrigðissamþykkt.

Laungar umræður urðu um málið, og að endingu var fellt með 2:2 atkv., að nefndin leggi til við bæjarstjórn, að frumvarpið nái fram að ganga að svo stöddu(?).

II. Reglugerð um hundahald í Reykjavík. Borgarstjóri lagði fram frumvarp til reglugerðar og leggur nefndin til að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Á fund vantaði Héðinn Valdimarsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Magnússon. Þórður Sveinsson. Jón Ólafsson.

15. fundur.

Ár 1924, mánudaginn 1. september var fundur haldinn í bæjarlaganefndinni.

Lagt fram frumvarp til reglugerðar um hundahald í Reykjavík, sem bæjarstjórnin hefir vísað aftur til nefndarinnar. Meiri hluti nefndarinnar vill láta samþykkja frumvarpið með þessari breytingu:

Í 2. gr. í staðinn fyrir: "og ekki utanbæjarmanna" komi: -ef ekki er fengin heimild fyrir hann, nema hann fylgi utanbæjarmanni.

Í bráðabirgðaákvæði komi: "200 krónur" í staðinn fyrir 300 krónur.

Minni hlutinn (H.V.) leggur til að frumvarpið verði felld, en skorað á lögreglustjóra, að framfylgja verði eftirliti með hundum.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson. Þórður Sveinsson.

16. fundur.

Ár 1925, þriðjudaginn 21. apríl var fundur haldinn í bæjarlaganefnd.

1. Lagðir fram erfðafestuskilmálar, sem fasteignarnefnd leggur til að verði samþykktir um land til nýbýla: Ákvörðun frestað til næsta fundar.

2. Lögð fram umsókn frá Kjartani Sveinssyni um leyfi til að reka kvikmyndahús hér í bænum.

Nefndin tekur enga afstöðu til umsóknarinnar fyrr en gerð er grein fyrir fjárhagshlið málsins.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson. Pétur Magnússon. Þórður Sveinsson. Jón Ólafsson.

17. fundur.

Ár 1925, fimmtudaginn 14. maí var haldinn fundur í bæjarlaganefnd.

Rætt var um leiguskilmála á væntanlegum nýbýlum í Sogamýri. Nefndin gerði nokkrar breytingar á frumvarpi fasteignanefndar og ákvað að leggja það svo breytt fyrir bæjarstjórn.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Sveinsson. Pétur Magnússon. Jón Ólafsson.

18. fundur.

Ár 1925, fimmtudaginn 18. júní var fundur haldinn í bæjarlaganefnd.

Tekið fyrir erindi Kjartans Sveinssonar um leyfi til að reka kvikmyndahús og samskonar erindi frá Fr. Hokänsson. Eftir langar umræður ákvað nefndin að leggja svo hljóðandi tillögu fyrir bæjarstjórn: -Með því að rett hefir verið um, að bærinn tæki kvikmyndasýningar í sýnar hendur að einhverju leyti, en ekki þykir tímabær að taka áfstöðu til þess máls, meðal annars vegna væntanlegrar þjóðleikhúsbyggingar, vill bæjarstjórn ekki að svo stöddu veita hin umbeðnu leyfi. Ennfremur leggur nefndin til að kvikmyndaasýningar verði ekki leyfðar framvegis í timburhúsum.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Sveinsson. Jón Ólafsson. Pétur Magnússon.

19. fundur.

Ár 1925, laugardaginn 17. október var fundur haldinn í bæjarlaganefnd.

Þetta gerðist:

1. Tekið fyrir erindi frá barnavinafélaginu Sumargjöf, um útiveru barna á kvöldin. Nefndin ákvað að hafa sameiginlegan fund með stjórn félagsins.

2. Rætt um tillögu þá, sem samþykkt var á síðasta bæjarstjórnarfundum, um að semja frumvarp til laga um heimild fyrir bæjarstjórnir til þess að fyrirskipa rannsóknir á húsneðismálum. Héðni Valdimarssyni falið að gera uppkast að frumvarpi til laga um heimild bæjarstjórnar til að safna ýmsum skýrslum.

3. Rætt um erindi atvinnumálaráðuneytisins dags. 20. ágústviðvíkjandi tillögum um sveitastjórnar- bæjarstjórnar- og fátækralöggjöf landsins. Borgarstjór, falið að tala við bæjarstjórnir hinna kaupstaðanna og heldur nefndin síðar nýjan fund um málið. Ennfremur var borgarstjóra falið að leita fyrir sér við þá um samvinnu í bæjarmálum yfirleitt í framtíðinni.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Sveinsson. Héðinn Valdimarsson.

20. fundur.

Ár 1926, föstudaginn 12. febrúar var fundur haldinn í bæjarstjórninni laganefnd. Á fundi bæjarstjórnarinnar 4. febrúar höfðu í nefndina verið kosnir þessir:

Knud Zimsen, borgarstjóri
Héðinn Valdimarsson
Þórður Sveinsson
Jón Ásbjörnsson
Stefán Jóh. Stefánsson.

1. Nefndin kaus borgarstjóra fyrir formann en Héðinn Valdimarsson ritara.

2. Bæjarlaganefnd leggur til við bæjarstjórn að hún samþykki og fái þingmenn bæjarins til að flytja á Alþingi frumvarp til laga um viðauka við hafnarlög nr. 19, 11. júlí 1911 fyrir Reykjavíkurborg, eins og það hefir komið frá hafnarnefnd.

3. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin fari þess á leit við þingið, að bætt sé nú inn í frumvarp til laga um happdrætti og hlutaveltur, ákvæði, er heimili sveita og bæjastjórnnum að setja reglugerðir er takmarki eða banni hlutaveltur í hlutaðeigandi sveit eða kaupstað.

4. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin fari þess á leit við þingið, að eftirfarandi breytingar verði gerðar við frumvarp til ~~veitingasölu~~ laga um veitingasölu, gistihússhald o.fl.:

a. að lögin nái einnig til billiardstofa og annara skemmtistaða, sem menn hafa atvinnu af að reka.

b. að 17. grein frumvarpsins breytist þannig, að þeir sem nú hafa á hendi starfsemi þá, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, þurfi að uppfylla skilyrði þau, þar á meðal fá meðmæli bæjarstjórnar en þurfi hinsvegar ekkert gjald að greiða fyrir leyfið.

5. Samþykkt að fara fram á við skólanefndina, að hún taki til ræðilegrar yfirvegunar og umsagnar frumvarp til laga um fræðzlu barna, sem stjórnin leggur nú fyrir Alþingi, og gefi bæjarstjórninni álit sitt.

6. Frumvörpum til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða og um útsvör, frestað til næsta fundar - mánudaginn kl. 10 f.h.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen, Héðinn Valdimarsson. Þórður Sveinsson. Stef. Jóh. Stefánsson. Jón Ásbjörnsson.

21. fundur.

Ár 1926, mánudaginn 15. febrúar var fundur haldinn í bæjarlaganefnd.

Þetta gerðist:

1. Tekið fyrir erindi Meolembergs postull þæfects um að bæjarstjórnin hlutist til um að landakotsspítalinn og væntanleg kaþólsk kirkja verði undanþegin húsa- og lóðagjaldi. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin samþykki að skora á Alþingi að undanskilja kirkjur víðurkendra safnaða húsagjaldi. Héðinn Valdimarsson er á móti þessari undanþágu..

2. Borgarstjóri lagði fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk, sem hann hafði samið. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin samþykki frumvarpið og komi því áleiðis til Alþingis.

3. Borgarstjóri lagð fram frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 21, 3. nóvember 1915, um kosningar til alþingis, er hann hafði samið. Nefndin leggur til að bæjarstjórnin samþykki frumvarpið og komi því áleiðis til alþingis.

4. Tekið fyrir frumvarp til laga um kosningar í málefnum sveita og kaupstaða, sem stjórnin hefir lagt fyrir þingið. Borgarstjóra falið að orða breytingartillögum, sem nefndin varð samþála um, en Stefán Jóh. Stefánsson og Héðinn Valdimarsson koma auk þess með sérstakar breytingartillögur.

5. Lagt fram frumvarp til laga um heimild fyrir bæjarstjórnir kaupstaðanna til þess að safna ýmsum skýrslum, frá þeim Stefáni Jóhanni Stefánssyni og Héðni Valdimarssyni.

Næsti fundur ákveðinn miðvikudaginn 17. þ.m. kl. 5 e.h.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Stefán Jóh. Stefánsson. Héðinn Valdimarsson.
Jón Ásbjörnsson. Þórður Sveinsson.

Ár 1926, miðvikudaginn 17. febrúar var ákveðið að halda fund í bæjarlaganefndinni kl. 5, en er kl. var orðin rúmlega 6 voru aðeins mættir Jón Ásbjörnsson og borgarstjóri. Varð fundur þá ekki haldinn. Þórður Sveinsson hafði boðað forföll.

K. Zimsen. Jón Ásbjörnsson.

Ár 1926, föstudaginn 21. maí var fundur haldinn í bæjar-
~~stjórninn~~laganefnd.

Þetta gerðist:

1. Teknar fyrir umsóknir Lárusar Jóhannessonar og Kjartans Sveinssonar um að starfrækja kvikmyndahús.

Meiri hluti nefndarinnar vildi ekki veita umbeðin leyfi, með skírskotun til samþykktar bæjarstjórnar 18. júní s.l.

Minni hluti nefndarinnar vill veita Lárusi Jóhannessyni leyfið með sömu skilyrðum og Petersen, þó þannig, að bærinn geti að tíu árum liðnum tekið leyfið af endurgjaldslaust. Um Kjartan Sveinsson hefir minni hlutinn ekki nægar upplýsingar til að taka afstöðu.

2. Nefndin ákveður að koma fram með tillögur til bæjarstjórnar um endanlegt leyfisbréf handa h.f. Nýja Bíó og endurskoða leyfisskilyrðin fyrir Petersen.

Felur nefndin borgarstjóra að undirbúa málið.

3. Rætt um launakjör borgarstjóra, hafnarstjóra og rafmagnsstjóra, en engin ákvörðun tekin.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Héðinn Valdimarsson. Þórður Sveinsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Ásbjörnsson.

Ár 1926, miðvikudaginn 14. júlí var fundur haldinn í
bæjarlaganefnd.

Þetta gerðist:

Rætt um launakjör borgarstjóra, hafnarstjóra og rafmagns-
stjóra. Samþykkt að leggja til við bæjarstjórn að framvegis verði
ákveðin föst laun fyrir hafnarstjóra og rafmagnsstjóra, kr. 8000.00
á ári að viðbættri dýrtíðaruppbót af fullum launum. Verði fjár-
hagsnefnd falið að leita samninga við þessa starfsmenn.

Viðvíkjandi launum borgarstjóra kom svo hljóðandi tillaga
fram frá Stefáni Jóh. Stefánssyni og Héðni Valdimarssyni:

Laun borgarstjóra séu 9500 krónur á ári að viðbættri dýr-
tíðaruppbót af fullum launum og gildi frá síðustu áramótum.

Tillaga kom frá Jóni Ásbjörnssyni og Þórði Sveinssyni:
Launaupphæðin verði 12000 krónur auk dýrtíðaruppbótar af fullum
launum og gildi frá síðustu áramótum.

Samþykkt enn fremur að leggja til við bæjarstjórn að þess-
um starfsmönnum verði ekki heimilað að vera í stjórn eða fram-
kvæmdastjórar atvinnutækja.

Borgarstjóri setti fundinn en vék svo af fundi.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Héðinn Valdimarsson. Þórður Sveinsson. Stefán Joh. Stefánsson.
Jón Ásbjörnsson.

Ár 1927, fimmtudaginn 16. júní, hélt bæjarlaganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Tekið fyrir erindi Verzlunarmannafélags Reykjavíkur dags. 25. apríl um breytingu á samþykktinni um lokunartíma sölubúða, en erindi þessu hefir bæjarstjórnin vísað til nefndarinnar.- Nefndin leggur til að bæjarstjórnin verði við beiðni Verzlunarmannafélagsins um að sölubúðum verði lokað kl. 4 síðdegis á laugardögum á tímabilinu frá 1. júlí til 31. ágúst og leggur til að í 2. gr. samþykktarinnar ko,i: "1. júlí" í stað 20. júlí.

Tillaga Stefáns Jóh. Stefánssonar bæjarfulltrúa um að fyrirskipa lokun sölubúða 1. maí, vill nefndin ekki sinna.

K. Zimsen. Jón Ásbjörnsson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Þórður Sveinsson. Stefn Jóh. Stefnason.

Jón Stefánsson Ásbjörnsson. Hólinn Valdimarsson.

Ár 1927, fimmtudaginn 17. nóvember var fundur haldinn í bæjarlaganefnd á skrifstofu borgarstjóra, kl. 10 árdegis.

1. Teknar fyrir tillögur til breytinga um skipun fátækrafulltrúa, sem bæjarstjórnin hafði vísað til bæjarlaganefndar. Borgarstjóri lagði fram sínar tillögur við tillögur fátækranefndar.- Meiri hluti nefndarinnar fellt á tillögur borgarstjóra, en minni hlutinn (St. Jóh. St. og H.V.) leggur með tillögu minni hluta fátækranefndar (H.H.).

2. Minni hluti nefndarinnar (St. J. St. og H.V.) leggur til að frumvarp til laga um atvinnuleysissskýrslur, sem borið var fram á síðasta þingi, verði samþykkt á næsta þingi, og að bæjarstjórnin feli borgarstjóra að fá flutningsmenn að því. Borgarstjóri létur þess getið, að frumvarpið hafi ekki verið lagt fram í nefndinni og því ekki rætt eða athugað í henni. H. V. létur þess getið að borgarstjóri hafi haf t um 9 mánaða tíma til að athuga frumvarpið frá því er það var sent nefndinni frá Alþingi til umsagnar.

3. Minni hluti nefndarinnar létur þess getið, að hann krefjist nýs fundar í nefndinni fyrir annan reglulegan fund bæjarstjórnar.

Fleira ekki gert.
Fundur slitið.

K. Zimsen. Þórður Sveinsson. Stefán Jóh. Stefánsson.
Jón ~~Ólafsson~~ Ásbjörnsson. Héðinn Valdimarsson.

Árið 1927, föstudaginn 25. nóvember var fundur haldinn í bæjarlaganefnd á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

Stefán Jóh. Stefánsson lagði fram frumvarp til samþykktu um stjórn bæjarmálefns í Reykjavík.

Frumvarpið var rætt, og samþykkt að fjölrita það og senda síðan nefndarmönnum til athugunar, og halda að því búnu fund um málið í nefndinni. -

Héðinn Valdimarsson og Þórður Sveinsson boðuðu forföll.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Ásbjörnsson.

Árið 1928, laugardaginn 16. júní kl. 10 árdegis
var boðað til fundar í bæjarlaganefndinni.

Nefndina skipa nú:

Borgarstjóri
Jón Ásbjörnsson
Sigurður Jónasson
Stefán Jón. Stefánsson
Þórður Sveinsson.

Á fundinn komu aðeins borgarstjóri og Sigurður Jónasson,
Var því ekki fundarfært.

K. Zimsen. Sigurður Jónasson.

Ár 1928, mánudaginn 2. júlí hélt bæjarlaganefnd fund á skrifstofu borgarstjóra og hófst kl. 10 f. h.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram erindi frá Bakarafélagi Reykjavíkur viðvíkjandi lokunartíma rakarastofa. Nefndin ákvað að leggja til að bætt verði inn í samþykkt um lokunartíma sölubúða í Reykjavík ákvæðum um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslu - svo og konfektbúða, þar undir talið sælgætissala í búðum. Borgarstjóra var falið að semja frumvarp til samþykktar um þetta og leggja fyrir nefndina.

2. Rætt um atvinnuleysissskýrslur samkvæmt lögum frá síðasta Alþingi. Borgarstjóra var falið að skrifa atvinnumálaráðuneytinu um leiðbeiningu um skýsluform og framkvæmdir laganna.

3. Rætt um stafssvið lögreglunnar og samþykkt að kveðja lögreglustjóra á fund nefndarinnar innan skamms.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónasson. Þórður Sveinsson. Jón Ásbjörnsson.
Stefán Jóh. Stefánsson.

Ár 1928, þriðjudaginn 9. október, var fundur haldinn í bæjarlaganefnd á skrifstofu borgarstjóra og hófst kl. 10 f.h.

Þetta gerðist:

1. Samkvæmt samþykkt bæjarstjórnarfundar var tekið til umræðu söfnun atvinnuleysissskýrslna eftir lögum frá síðasta alþingi. Nefndin samþykkti að fela borgarstjóra að skrifa atvinnumálaráðuneytinu á ný og æskja eftir því að það snéri sér til hagstofunnar og bæði hana að gera tillögur um form á skýrslunum og senda það síðan til bæjarlaganefndar til umsagnar.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

Guðmundur Ásbjörnsson, settur borgarstjóri. Jón Ásbjörnsson.
Sig. Jónasson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Þriðjudaginn 29. janúar 1929, var fundur haldinn í bæjarlaganefnd á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf frá atvinnumálaráðuneytinu um söfnun atvinnuleysissskýrslna, og fylgdi því skýrsluform fyrir söfnunina. Nefndin samþykkti að haga skýrslusöfnun 1. febr. n.k. á þann hátt, að nefnd sú, sem kosin hefir verið af fulltrúaráði verklyðsfélaganna í Reykjavík útnefndi tvo menn og borgarstjóri aðra tvo til þess að standa fyrir skráningu atvinnulausra manna, samkvæmt skýrsluforminu sem fyrir liggur. Gert er ráð fyrir að menn þeir, er veita skráningunni forstöðu, hafi aðsetur sitt í verkamannaskýlinu við höfnina, og kveðji þangað menn þá, er skýrslusöfnun nær til. Skýrslusöfnun hefjist 1. febr. næst komandi og standi yfir næstu daga eftir nánara samkomulagi milli nefndar fulltrúaráðsins og borgarstjóra. Borgarstjóra og formanni fulltrúaráðsnefndarinnar var falið að auglýsa skýrslusöfnunina rækilega og sjá um allar leiðbeiningar.

2. Rætt um breytingu um samþykkt um lokunartíma á sölubúðum og lagt fram bréf frá formanni rakaafélagsins um að flýta afgreiðslu málsins, og annað bréf frá 3 rökurum, sem mótmæla breytingunni.

Samþykkt að fela borgarstjóra að semja sérstaka samþykkt um lokunartíma rakaþastofa og hárgreiðslustofa, samkvæmt því sem nefndin hefir áður talað um, og leggja fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Nefndin frestar að taka ákvörðun að sinni um samþykkt um ~~lokun~~ lokun á konfektbúðum og öðrum búðum, þar sem innlendar vörur eða varningur er hafður á boðstólnum.

Þórður Sveinsson boðaði forföll.

Jón Ásbjörnsson vék af fundi, þegar búið var að taka ákvörðun um 1. lið.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónasson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Mánudaginn 4. marz 1929, hélt bæjarlaganefnd fund á skrifstofu borgarstjóra. Fundurinn hófst kl. 10 árdegis.

Þetta gerðist:

Rætt um frumvarp til samþykktar um lokunartíma rakarastofa og hárgreiðslustofa í Reykjavík. Í sambandi við það var lagt fram bréf frá Rakarasveinafélagi Reykjavíkur. Samþykkt var að breyta ýmsu í frumvarpinu, sem fyrir lá, og leggja þau breytt frumvörp, fyrir næsta bæjarstjórnarfund.

Á fundinum var einnig lagd fram bréf frá Rakarameisturum og hárgreiðslukonum um frumvarpið.

Á fund vantaði Jón Ásbjörnsson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigurður Jónasson. Þórður Sveinsson. Stefán Jón. Stefánsson.

Þriðjudaginn 17. desember 1929 var fundur haldinn í bæjarlaganefnd og hófst fundurinn kl. 10 $\frac{1}{2}$ f.h. og var haldinn á skrifstofu borgarstjóra.

Þetta var gert:

1. Rætt um breytingu á fátækralögum í sambandi við tillögu þá, er samþykkt var á bæjarstjórnarfundi 7. nóv. síðast liðinn um afnám á lögfluttningi. Leggur bæjarlaganefndin til að bæjarstjórn samþykki eftirfarandi

ÁSKORUN TIL ALÞINGIS:

Bæjarstjórnin skorar á Alþingi að breyta þegar á næsta þingi fátækralögum í þá átt, að landið verði allt eitt framfærsluhérað og að afnumin verði ákvæðin um afturkræfan og óafturkræfan styrk, enda jafnframt numið úr stjórnarskránni ákvæðið um, að þeginn fátækra styrkur svipti þiggjanda kosningarétti.

2. Tekin fyrir tillaga um samvinnu bæjarstjórna í landinu, sem vísað var til bæjarlaganefndar á fundi bæjarstjórnar 19. október s.l. Nefndin ákvað að fresta tillögum sínum um þetta mál þar til nýjar bæjastjórnarkosningar með eftirfarandi kosningum á bæjastjórnnum og borgarstjórum hafa fram farið.

3. Rætt um tillögu þá er vísað var til nefndarinnar á bæjarstjórnarfundi 5. des. s.l. um afnám 6. töluliðs 1. gr. laga nr. 51/1929. Nefndin leggur til að bæjarstjórn samþykki þessa tillögu, sem áskorun til Alþingis.

Fæira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sigurður Jónasson. Stefán Jóh. Stefánsson.
Þórður Sveinsson.

Fimmtudaginn 13. marz 1930 kom hin nýkjörna bæjarlaganefnd saman á fund á skrifstofu borgarstjóra. Nefnd þessa nú:

Einar Arnórsson
Jón Ólafsson
Pétur Hafstein
Sigurður Jónasson
Stefán Jóh. Stefánsson.

Fundurinn hófst kl. 11 f.h. og voru mættir á fundinum, auk borgarstjóra, allir nefndarmenn nema Jón Ólafsson, sem boðaði forföll.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar með hlutkesti milli hans og Einars Arnórssonar. Stefán Jóh. Stefánsson var kosinn ritari nefndarinnar á þessum fundi.

Síðan var gengið til dagskrár,

1. Fyrir nefndinni lá að gera tillögu að samþykkt um starfssvið borgarstjóra, erindisbréf endurskoðenda, endurskoðun á samþykkt um stjórn bæjarmálefna og fundaskapa. Nefndin samþykkti að fela þeim Einari Arnórssyni og Sigurði Jónassyni að búa út frumvörp að þessum samþykktum og leggja síðan fyrir nefndina. Nefndin leggur til að mönnum þessum verði greidd þóknun úr bæjarsjóði fyrir þetta starf.

2. Borgarstjóri vakti máls á því að nauðsyn bæri að endurskoða núgildandi erfðafestuskilmála, helst áður en nýjum erfðafestulöndum væri úthlutað á vori komandi. Samþykkt var að vísa frum máli til fasteignanefndar.

Fleira var ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Stefán Jóh. Stefánsson. Sigurður Jónasson.
Pétur Hafstein. Einar Arnórsson.

Mánudaginn 3. nóvember 1930 hélt bæjarlaganefnd fund á skrifstofu borgarstjóra. Fundurinn hófst kl. 4 1/3 e.h. og voru þá mættir allir nefndarmenn, nema Jón Ólafsson, sem boðaði forföll.

1. Lagt var fram á fundinum frumvarp til samþykktar um stjórn bæjarmálaafna í Reykjavík, samið af Einari Arnórssyni. Nefndin mælir með frumvarpinu óbreyttu, þó að því tilskildu að rafmagnsstjórn verði, með skírskotun til 4. gr. frumvarpsins, látin starfa með sama hætti og verið hefir undanfarið, út þetta kjörtímabil núverandi bæjarfulltrúa.

2. Lagt fram frumvarp til fundarskapa bæjarstjórnar Reykjavíkur, samið af Einari Arnórssyni. Nefndin mælir með frumvarpinu með eftirfarandi breytingartillögum:

1. að varaforsetar verði tveir.
2. að í 2. málsgrein 7. gr. komi 5 í stað 8.
3. í stað orðsins "einkahagi" í 12. gr. komi: -einkalífnað.
4. í stað 3/4 í 19. gr. komi: 2/3.

Guðm. Jóhannsson áskilur sér rétt til að koma fram með breytingartillögur um atkvæðisrátt bæjarfulltrúa í málefnum er snerta þá sjála, sbr. 14. gr. núgildandi fundarskapa.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Sig. Jónasson. Stefán Jón. Stefánsson.
Guðm. Jóhannsson. Einar Arnórsson.

Ár 1931, föstudaginn 24. apríl kl. 4 e.h. var fundur haldinn í bæjarlaganefnd á skrifstofu borgarstjóra.

Nefndina skipa nú:

Einar Arnórsson
Guðm. Jóhannsson
Jón Ólafsson
Stefán Jóh. Stefánsson
Sigurður Jónasson.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar en Stefán Jóh. Stefánsson ritari.

Fundarefni:

Teknar til athugunar kærur út af kjörskrá, en kærum þessum hafði bæjarstjórn vísað til nefndarinnar. Samþykkt að fella niður af kjörskrá eftirtalin nöfn:

141 Albert Friðrik Sigurðsson Lgv. 51
1545 Einar Þeringsson
2034 Guðjón Bjari Guðlaugsson
3843 Guðrún Oddsdóttir
3968 Guðrún Svanborg Þórarinsdóttir
4080 Gunnlaugur B. Kristinsson
4156 Gunnar Hall
4602 Helga E. Sigurðardóttir
4740 Valdimar Hersir ~~524x~~
5404 Jakob Sigurðsson
5542 Jóhann Kr. Þorsteinsson
5641 Jóhanna Jónsdóttir
5739 Gísli Johnsen
6406 Júlíus Fjeldsted Lárusson
6716 Kristín Einarisdóttir
7481 Magnús Hannesson
7615 Avar H. Mar
8764 Páll Thorberg Jónasson
8897 Pétur Hoffmann Salómonsson
11392 Vilhelmina Einarisdóttir (Vítalín).

Samþykkt að taka eftirtalda kærendur á aukakjörskrá frá 1. júlí þ.á.

Filippía Árnadóttir, Bragagötu 16.
Páll Hallbjörnsson Laugav. 86
Sólveig Jóhannsdóttir s. st.
Guðný Bjarnadóttir Öldugötu 59
Skúli Guðmundsson s. st.

Ekki unnt að taka til greina kærur :

Einars Einarssonar Grettisgötu 46
Elísabetar Jónasdóttur, Ásv llagötu
Sveins Teitssonar, Laugaveg 97.

Samþykkt að setja á aukakjörskrá með kosningarrétti til 1. okt. 1931:

Helga Björnsson, Arnarnesi
Sigrúnu Eiríksdóttur s. st.

Ár 1931, þriðjudaginn 2. júní hélt bejarlaganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra:

1. Gerðar tillögur um skipun undirkjörstjórnar:

1. kjördeild.

Finnur Einarsson kennari

Magdalena Sigurþórsdóttir hfr. Miðstr. 8 A.

Stefán Rafnar, verzl.

2. kjördeild.

Magnús Thorlacius lögfr.

Elin Tómasdóttir kennari

Sveinn Helgason prentari.

3. kjördeild.

Steindór Gunnlaugsson lögfr.

Guðrún Sigurðardóttir, Hað. 8.

Jón Hallgrímsson, gjaldkeri.

4. kjördeild

Grétar Ó. Fells, lögfr.

Ingibjörg Sigurðardóttir kennari

Ari Thorlacius, endurskoðandi.

5. kjördeild

Sveinn J. Sigurðsson, ritstjóri

Guðrún J. Briem frú, Tjarnargötu 28

Helgi Sveinsson, fasteignasali.

6. kjördeild

Tómas Guðmundsson lögfr.

Sigríður Briem kennari

Eggert P. Briem, Tjarnarg. 21.

7. kjördeild

Guðmundur Loftsson, skrifstofustjóri.

María Pétursdóttir, ekkja, Þórsg. 1

Sveinn Jónsson, kaupm.

8. kjördeild

Helgi Helgason, verzlst.

Guðrún Benediktsdóttir frú, Freyjug.3

Einar Hermannsson, prentari

9. kjördeild.

Magnús Jochumson póstfr.

Briet Bjarnhéðinsdóttir frú.

Guðm. Kr. Guðmundsson, bókarí.

10. kjördeild

Magnús Guðmundsson, Haðarst. 8

Halldóra Ólafs kaupkona

Friðgeir Björnsson, stjórnar. aðstm.

11. kjördeild

Gunnlaugur Briem lögfr.

Rósa Þórarinsdóttir frú

Jón Guðjónsson, bókarí.

12. kjördeild

Björn E. Árnason, endurskoðandi.

Sigríður Ólafsdóttir frú, Bergþ.18.

Filippus Ámundason, vélstj.

13. kjördeild
Adolp Bergsson, lögfr.
Elísabet Waage, frú
Henrik J.S. Ottósson, cand phil.

14. kjördeild
Indriði Einarsson, rithöfundur
Carólína Siemsen, frú
Valtýr Blöndal, lögfr.

15. kjördeild.
Aðalsteinn Kristinsson, frkvst.
Ingileif Þórðardóttir, skrifari
Ottó N. Þorláksson, skipstj.

16. kjördeild
Halldór Jónasson, cand phil.
Ingunn Elín Zoëga frú.
Jakob Jóh. Smári adjúkt.

17. kjördeild
Hannes Blöndal bankastjóri.
Ragnheiður Jónsdóttir, kennari.
Jón Bach, sjóm. Þórsg. 12.

18. kjördeild
Isleifur Arnason, lögfr.
Kristín Arngrímsdóttir kennari
Þorsteinn Gíslason, ritstjóri.

19. kjördeild
Jón Jónsson frá Flatey, kennari.
Anna Sigurðardóttir, verzl.
Hallgrímur Jónsson, kennari.

20. kjördeild.
Sæmundur Bjarnhéðinsson, prófessor
Kristín Thoroddsen, yfirhjúkrunarkona
Gísli Þorbjarnarson, fasteignasali.

2. Teknar fyrir kærur yfir auka-alþingiskjörskrá 1931-1932. Lagt til að tekin verði á kjörskrá:

- a. Anna S. Bjarnadóttir, kennari, Þingholtsstr. 14, 33 ára.
Finnbogi Jensson, sjóm. Lindarg. 1 c. 54 ára.
Ingibjörg Ásgeirsdóttir vk. Mýr. 3, 31 árs.
Soffía G. Sigurðsson, Rán 6 A, 37 ára.
Bjarni Bjarnason, Hað. 16, 45 ára, frá 1. október.
Elín Ólafsdóttir, Þórsg. 16 A, 32 ára, frá 1. okt.
Guðrún Halldórsdóttir, Njálsg. 1, 26 ára, frá 1. okt.
Kristín Hallvarðardóttir, Óð. 3, 55 ára, frá 1. okt.

b. Hallgrímur Jónsson, Tjarnarg. 3 A, athugasemdir um kosingar-
rétt 1. okt. falli burt.

- c. Samþykki bæjarstjórnar, burtfelling fátækra skuldar Jóhönnu
Ingólfsdóttur, Miðstr. 8 A, eins og fátækranefnd hefir
lagt til, verði nafn hennar tekið á kjörskrána.

Aðrar kærur ekki teknar til greina.

Á fund vantaði Stefán Jóh. Stefánsson.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Pétur Sigurðsson. Sig. Jónasson. Sig. Jónsson.
Guðm. Jóhannsson
handsalar.

1932. Laet til að tekið verði á kjörskrá:
1. Anna Þ. Þorvaldóttir kennari, Þingholtssta. 14. 33 ára.
2. Þinnborg Jónsdóttir vk. 14. 31 ára.
3. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 30 ára.
4. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 29 ára.
5. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 28 ára.
6. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 27 ára.
7. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 26 ára.
8. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 25 ára.
9. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 24 ára.
10. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 23 ára.
11. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 22 ára.
12. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 21 ára.
13. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 20 ára.
14. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 19 ára.
15. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 18 ára.
16. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 17 ára.
17. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 16 ára.
18. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 15 ára.
19. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 14 ára.
20. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 13 ára.
21. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 12 ára.
22. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 11 ára.
23. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 10 ára.
24. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 9 ára.
25. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 8 ára.
26. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 7 ára.
27. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 6 ára.
28. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 5 ára.
29. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 4 ára.
30. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 3 ára.
31. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 2 ára.
32. Þórunn Þ. Þorvaldsson, 14. 1 ára.

sem skip
laganefnd
kjörstjórn
Brynjólf
Frú Stei
Jón Haf
Jón Hall
Frú Agús
Bjarna J
Guðmund
Jón Ólaf
Hall Þor
Gísla Jó
Soffíu I

Vegna fjarveru og lögmetra forfalla nokkurra þeirra, sem skipðir voru í undirkjörstjórnir samkvæmt tillögum bæjarlaganefndar á fundi 2. júní hefi ég skipað eftirtalda í undirkjörstjórnir:

Í 1. kjördeild:
Brynjólf Stefánsson, skipstjóra í stað Finn Einarssonar.
Í 2. kjördeild:
Frú Steinunn H. Bjarnason, í stað frú Elínar Tómasdóttur.
Í 3. kjördeild:
Jón Hafliðason, bókara í stað Jóns Hallgrímssonar.
Í 4. kjördeild:
Jón Hallvarðsson, cand. jur. í stað Grétars Ó. Fells.
Í 6. kjördeild:
Frú Agústa Sigfúsdóttir í stað Sigríðar Briem.
Í 7. kjördeild:
Bjarna Jósefsson, cand. phil. í stað Guðmundar Loftssonar.
Í 16. kjördeild:
Guðmund Jónatansson, Haðarstíg 10 í stað Jakobs Jón. Smára.
Í 18. kjördeild:
Jón Ólafsson cand. jur. í stað Ísleifs Árnasonar.
Í 19. kjördeild:
Hall Þorleifsson, verzlunarmann. í stað Jóns Jónssonar frá Flatey.
Í 20. kjördeild:
Gísli Jónsson kennara í stað Sæmundar Bjarnhéðinssonar, og frú Soffíu Ingvarsdóttur í stað Kristínar Thoroddsen.

Reykjavík 11. júní 1931.
K. Zimsen.

Ennfremur hefi ég skipað:

Í 7. kjördeild:
Frú Katrínu Pálsdóttur Ránarg. 13 í stað Maríu Pétursdóttur.
Í 20. kjördeild:
Frú Hjálmíny Hjálmarsdóttur Bræðraborgarstíg 38
í stað Soffíu Ingvarsdóttur.

12. júní 1931.

K. Zimsen.

Ár 1931, þriðjudaginn 27. október, kl. 10¹/₂, hélt bæjarlaganefndin fund á skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Lögð fram bréf frá Mjólkurfélagi Reykjavíkur, Bakarameistarafélagi Reykjavíkur og stjórn Merkur út af hinni nýju breytingu bæjarstjórnar um lokun brauðbúða og mjólkurbúða.

Út af þessu máli ákvað nefndin að gefa þeim Birni Björnssyni form. Bakarameistarafélagsins og Elínborgu Þórðardóttur form. kvennadeildar Merkur, tækifæri til að koma á fundinn, til þess að skýra ~~frá~~ þar frá afstöðu sinni til þessara mála. Mætti hinn fyrrnefndi á fundinum og auk þess af hálfu kvennadeildar "Merkur" frk. Laufey Vilhjálmsdóttir. Gerðu þau hvort um sig grein fyrir sínum málstað og fóru síðan af fundi.

Einar Arnórsson leggur til að bæjarstjórnin samþykki að leyfa að mjólkur & brauðbúðir verði opnar á sunnudögum og öðrum almennum helgidögum, sumardaginn fyrsta og 2. ágúst frá kl. 9-13, og leggur Hjalti Jónsson til að búðirnar verði einnig opnar á þessum dögum frá kl. 15-17. Stefán Jóh. Setefánsson leggur til að engin breyting verði gerð á þessum ákvæðum. Öll nefndin leggur til að leyft verði að selja skyr í mjólkurbúðum á þeim tíma, sem þar eru opnar.

2. Lagt fram bréf frá "Bandalagi kennara" og verkakvennafélaginu "Framsókn", þar sem þess er beiðst, "að ráðstafanir verði gerðar um strangara eftirlit ~~verði~~ með veitingastöðum bæjarins og öðrum þeim mönnum, er alls eigi hafa veitingaleyfi, en grunaðir eru um vinsölu og aðra óhefu, sem þar af leiðir."

Bæjarlaganefnd leggur til að erindi þessu verði vísað til lögreglustjóra.

3. Lagt fram bréf atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu, þat sem beiðst er umsagnar borgarstjóra og tillagna bæjarstjórnar um eftirlit með framkvæmdum byggingafélaga samkv. 9. gr. laga nr. 45, 14. júní 1929. Borgarstjóra falið málið til athugunar.

Á fund vantaði Sig. Jónasson og Jón Ólafsson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Arnórsson. Stefán Jóh. Stefánsson.
Hjalti Jónsson.

Ár 1932, fimmtudaginn 25. febrúar, kl. 10.15 f.h. hélt bæjarlaganefnd fund á skrifstofu borgarstjóra. Nefndina skipa nú:

Einar Arnórsson
Hjalte Jónsson
Jón Ólafsson
Sigurður Jónasson
Stefán Jóh. Stefánsson.

Borgarstjóri var kosinn formaður nefndarinnar en Stefán Jóh. Stefánsson ritari.

Fundarefni:

1. Tekin fyrir tillaga, samþykkt í bæjarstjórn 20. nóv. s.l., um samning fífumvarps um lækkun lóðargjalds í Reykjavík.

Stefán Jóh. Stefánsson leggur til, að bæjarstjórnin samþykki að fara fram á það við þingmenn bæjarins að þeir beri fram á Alþingi því, er nú stendur yfir, frv. til laga um breytingu á lögum nr. 36, frá 4. júní 1924, um bæjargjöld í Reykjavík, er gangi í þá átt, að breytt verði 6. lið 2. gr. laganna þannig, að í stað 0.6%-60 aura af hverjum 100 krónum komi: 2%-2 krónur af hverjum 100 krónum.

Aðrir nefndarmenn, er á fundi voru, voru þessari tillögu andvígir.

Þegar hér var komið fóru þeir af fundi Hjalte Jónsson og Pétur Sigurðsson og var nefndin því ekki lengur ályktunarfær.

Á fund vantaði Sigurð Jónasson en í stað Jóns Ólafssonar mætti Pétur Sigurðsson varabæjarfulltrúi.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Arnórsson. Stefán Jóh. Stefánsson.

Ár 1932, föstudaginn 10. júní, kl. 5 síðdegis, hélt bæjarlaganefnd fund á skrifstofu borgarstjóra.

Fundarefni:

1. Erindi Verzlunarfélagsins Merkur um breytingu á samþykkt um lokunartíma sölubúða, þannig að í júnímánuði verði búðum lokað kl. 4 eins og nú er gert í júlí og ágúst. Meiri hluti nefndarinnar leggur til að beiðninni verði ekki sinnt. Stefán Jóh. Stefánsson leggur til að orðið verði við þessari beiðni.

2. Beiðni stjórnar Bakameistarafélags Reykjavíkur um breytingu ~~á~~ samþykkt um lokunartíma brauðsölubúða þannig, að á sunnudögum verði brauðbúðir opnar frá kl. 9-4 og á laugardögum yfir sumarmánupina frá kl. 8 árdegis til kl. 7 síðdegis. Nefndin leggur til að þessu erindi verði ekki sinnt.

Á fund vantaði Sigurð Jónasson.

Fleira ekki gert.

Fundi slitið.

K. Zimsen. Einar Arnórsson. Hjalti Jónsson. Stefán Jóh. Stefánsson. Jón Ólafsson.

Faint, illegible text visible on the left edge of the page, likely bleed-through from the reverse side.



© Borgarskjalasafn Reykjavíkur